

**Nd.** **271. Frumvarp til laga** [176. mál]  
um breyting á lögum nr. 9/1955, um Brunabótafélag Íslands.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:  
Tilgangur og starfssvið félagsins er að reka váttryggingarstarfsemi, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum og lögum um váttryggingarstarfsemi.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:  
Félagsmálaráðherra hefur yfirumsjón með starfsemi Brunabótafélags Íslands og setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum. Hann skipar félaginu 5 manna stjórn til 4 ára í senn. Stjórn félagsins ræður því forstjóra.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:  
Félaginu ber að greiða opinber gjöld til ríkis og sveitarfélaga eftir sömu reglum og gilda um önnur váttryggingarfélög á hverjum tíma.

4. gr.

5. gr. laganna falli niður.

5. gr.

6. gr. laganna falli niður.

7. gr. laganna falli niður. 6. gr.

8. gr. laganna falli niður. 7. gr.

9. gr. laganna falli niður. 8. gr.

10. gr. laganna falli niður. 9. gr.

11. gr. laganna falli niður. 10. gr.

11. gr.  
Í stað orðanna „samkvæmt 7. gr.“ í l. málslið 12. gr. komi: samkvæmt 2. gr.

13. gr. laganna falli niður. 12. gr.

14. gr. laganna falli niður. 13. gr.

15. gr. laganna falli niður. 14. gr.

16. gr. laganna falli niður. 15. gr.

18. gr. laganna falli niður. 16. gr.

3. mgr. 19. gr. laganna falli niður. 17. gr.

20. gr. laganna falli niður. 18. gr.

21. gr. laganna orðist svo: 19. gr.

Um arðgreiðslu af stofnfé félagsins gilda ákvæði 12. gr. laga um váttryggingarstarfsemi, nr. 50 frá 16. maí 1978.

Jafnframt er félaginu heimilt, að frádreginni arðgreiðslu, að greiða tryggingartökum félagsins tekjuafgang í hlutfalli við iðgjaldagreiðslur þeirra, eftir útkomu viðkomandi tryggingargreinar.

20. gr.  
Orðið „virðingar“ í 22. gr. laganna falli niður og í stað orðsins „brunatjón“ komi orðið: tjón.

21. gr.

Upphaf 2. mgr. 23. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að verja varasjóði. . .

3. mgr. 23. gr. orðist svo:

Þá er og heimilt að nota fé varasjóðs, ef öruggt þykir að áliti stjórnar, til stofnunar og rekstrar nýrra tryggingagreina, sem félagið kynni að reka, enda hafi þær aðgreint bókhald og reikningsfærslu.

22. gr.

25. gr. laganna falli niður.

23. gr.

26. gr. laganna falli niður.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1984. Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 9/1955 og gefa löggin út svo breytt.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir gildandi samninga sveitarfélaga og váttryggingarfélaga um brunatryggingar fasteigna eru tryggingatakar frjálssir að því að tryggja fasteignir sínar frá og með 1. janúar 1984 hjá hverju því váttryggingarfélagi sem þeir óska og til þess hefur starfsleyfi.

#### Greinargerð.

Samtímis frumvarpi þessu flytur flutningsmaður tvö önnur frumvörp. Annars vegar frumvarp til laga um breytingar á lögum um brunavarnir og brunamál og hins vegar frumvarp til laga um breytingar á lögum um skráningu og mat fasteigna.

Þær meginbreytingar, sem frumvarp þetta felur í sér á lögunum um Brunabótafélag Íslands, eru eftirfarandi:

Numin eru brott úr lögunum:

- 1) Öll ákvæði er lúta að einkarétti Brunabótafélags Íslands á brunatryggingum húsa.
- 2) Ákvæði um forráðarétt sveitarfélags á brunatryggingum allra fasteigna í hverju sveitarfélagi.
- 3) Ákvæði um meðferð á vanskilum iðgjalda og skylduábyrgð váttryggingarfélags.
- 4) Ákvæði um brunabótamat og hvernig það skuli gert og hverjir skuli meta hús.
- 5) Öll ákvæði sem lúta að almennum brunavörnum í landinu og ráðgjöf fyrir ríkisstjórn.

Megintilgangur þessa lagafrumvarps er að losa um þær viðjar, sem brunatryggingar húsa í landinu eru nú í. Hér er um tvenns konar bindingu að ræða. Annars vegar hafa sveitarstjórnir forræði á því, hvar hús í umdæminu eru brunatryggð, og hins vegar nýtur Brunabótafélag Íslands nokkurs konar einokunarréttar á þessum tryggingum.

Þá eru felld niður nokkur ákvæði í lögum um Brunabótafélag Íslands, sem úrelt eru orðin, og önnur, sem komin eru annars staðar í nýrri lögum.

Lögin um Brunabótafélag Íslands eru að stofni til frá árinu 1917. Enginn vafi er að þau bættu á sínum tíma úr brýnni þörf, þegar ekkert tryggingarfélag var starfandi á Íslandi. Segja má að við höfum þá fylgt fordæmi nágrannabjóða okkar með því að fá sveitarstjórnnum forræði brunatrygginga húsa.

Með þróun í tryggingamálum og fjölgun tryggingafélaga hefur þetta forræði sveitarfélaga verið afnumið svo til alls staðar nema hér á landi.

Það hlýtur að teljast þáttur í eðlilegri þróun váttrygginga að leysa brunatryggingar húsa úr fyrrnefndum viðjum.

### **Frjálsar húsatryggingar.**

Svo sem fyrr segir hafa nágrannalönd okkar í flestum tilvikum horfið frá forræði sveitarfélaga í brunatryggingum húsa. Hér á landi hafa frjálsar vátryggingar verið að þróast og batna á undanförunum árum, en húsatryggingar setið eftir vegna ákvæða í lögum.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem flutningsmaður hefur aflað sér, geta einstaklingar í eftirtöldum löndum brunatryggt hús sín hjá hvaða tryggingafélagi sem þeir sjálfir velja, án afskipta sveitarfélags eða ríkisvalds:

Noregur, Svíþjóð, Danmörk, Finnland, Bretland, Holland, Belgía, Frakkland, Austurríki, Ítalía, Spánn og Portúgal.

Forræði sveitarfélags um brunabótatryggingar húsa er hins vegar enn í nokkrum ríkjum V-Pýskalands og í Sviss.

Svo sem fyrr segir hafa brunatryggingar húsa ekki þróast á Íslandi sem önnur vátryggingarstarfsemi vegna þessa lögboðna kerfis.

Fjöldinn treystir á hið lögboðna kerfi án þess að kynna sér hvers eðlis það er. Tryggingartakinn á litla aðild að tryggingartökunni og viðhaldi tryggingar.

Segja má að þessum viðskiptum hafi verið ofstýrt með lögum, frjálst val fólksins heft, og afleiðingin er lakari þjónusta en í nágrannaríkjunum.

Einkaréttur í viðskiptum sem þessum heldur öllum framförum í fjötrum. Til þessa einkaréttar má rekja að lítið hefur verið gert til þess að brunatryggingar húsa séu raunveruleg vátryggingavernd.

Raunin hefur hins vegar orðið sú, að menn hafa misst eignir sínar verulega vantryggðar í brunatjónum.

Á undanförunum árum hefur orðið veruleg breyting á brunaáhættu húsa á Íslandi. Breyting sem þessi ætti að leiða jafnharðan til endurskoðunar á verðlagi brunatrygginga og mundi án efa gera það, ef brunatryggingar húsa væru frjálsar og samkeppni ríkti á markaðnum.

Varðandi breytingar á brunaáhættu húsa má nefna:

- a) Stóraukin notkun jarðhita til húshitunar hefur minnkað líkur á bruna.
- b) Bættur og öruggari búnaður rafkerfa í húsum hefur minnkað líkur á bruna.
- c) Bættar eldvarnir, bæði opinberar og einkabrunavarnir, auka öryggi.
- d) Eldþolnari byggingarefni minnka líkur á tjóni.

Erlendis hafa brunatryggingar húsa þróast mikið á síðustu árum eins og aðrar vátryggingar. Brunatryggingar húsa eru í eðli sínu ekki frábrugðnar öðrum tryggingum. Fólkið á að hafa frjálst val um tryggingarfélag. Samkeppni tryggingarfélaganna ætti að tryggja eðlilega þróun og besta verð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að Brunabótafélag Íslands verði ekki lengur sérstakt brunatryggingafélag, heldur taki að sér alhliða vátryggingaþjónustu.

### **Skylda til brunatrygginga fasteigna.**

Í frumvarpi þessu eru ákvæði um skyldu til brunatrygginga fasteigna numin brott úr lögum um Brunabótafélag Íslands, en felld inn í lög um brunavarnir og brunamál samkvæmt frumvarpi sem flutt er jafnhliða þessu.

Afram verður því skylda að brunatryggja fasteignir, sbr. skýringar með því frumvarpi.

### **Ýmis önnur atriði.**

Felld eru úr lögum um Brunabótafélag Íslands ákvæði um brunabótamat og hversu það skuli framkvæmt. Samkvæmt öðru frumvarpi, sem flutt er jafnhliða þessu, er gert ráð fyrir að brunabótamat verði eftirleidis framkvæmt af Fasteignamati ríkisins.

Þá eru felld niður í lögum um Brunabótafélag Íslands ákvæði um ábyrgð váttryggingarfélags þrátt fyrir vanskil á greiðslu iðgjalds af brunatryggingu á húsi og ákvæði um lögveðrétt fyrir iðgjaldi sem í vanskilum er.

Þessi ákvæði eru almenns eðlis um brunatryggingar á fasteignum og eðlilegt að þau séu í lögum sem gilda almennt um brunatryggingar, svo sem lögum um brunavarnir og brunamál. Með frumvarpi, sem flutt er jafnhliða þessu, eru þau ákvæði tekin inn í lögum um brunavarnir og brunamál.

Þá eru felld niður úr lögum um Brunabótafélag Íslands ákvæði um refsingar og viðurlög, enda kveðið á um þau í almennum lögum.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar.*

##### Um 1. gr.

1. tl. er breytt þannig að engin sérstök áhersla er lögð á brunatryggingar í starfsemi félagsins, enda er fyrirtækinu ekki ætlað að hafa neinn einkarétt á slíkri starfsemi og fyrirtækið mun nú reka alhliða váttryggingarþjónustu.

Ákvæði 2., 3. og 4. tl. eru felld niður, þar sem Brunamálastofnun ríkisins er með lögum nr. 74/1982 falið að annast þessi verkefni.

##### Um 2. gr.

Lagt er til að ákvæði um fulltrúaráð félagsins verði felld úr gildi. Gerðar eru tillögur um að reglur um yfirstjórn félagsins verði í samræmi við samsvarandi reglur um önnur ríkisfyrirtæki. Félagsmálaráðherra er fengin yfirumsjón með félaginu og skipar hann því 5 manna stjórn, sem ræður því forstjóra. Þar sem gert er ráð fyrir að sveitarstjórnir og sýslufélög hafi ekki framvegis forræði á, hvar tryggingar innan viðkomandi sveitarfélags séu teknar, og fari þar af leiðandi ekki lengur með umboð tryggingartaka að þessu leyti, þykja ekki lengur efni standa til að ofangreindir aðilar myndi fulltrúaráð félagsins.

##### Um 3. gr.

Eðlilegt þykir að Brunabótafélagi Íslands sé gert að greiða opinber gjöld til jafns við önnur váttryggingarfélög í landinu, þar sem sérstaða sú, sem því var fengin í gildandi lögum, er afnumin með frumvarpi þessu.

##### Um 4. gr.

Í 2. gr. í frumvarpi þessu er lagt til að fulltrúaráð Brunabótafélagsins verði lagt niður, og af því leiðir að ákvæði 5. gr. núgildandi laga eru óþörf.

##### Um 5. gr.

Niðurfelling 6. gr. laganna er afleiðing af því, að fulltrúaráð félagsins verður lagt niður með 2. gr. frumvarpsins.

##### Um 6. gr.

Í þessari grein er veigamesta ákvæði frumvarps þessa. Ekki er gert ráð fyrir að niður verði felld skylda til að brunatryggja allar húseignir, en ákvæði þar um er lagt til að verði tekið í lög nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál, nánar tiltekið 28. gr. þeirra, sbr. samhliða frumvarp um það efni. Hins vegar er gert ráð fyrir að einkaréttur Brunabótafélagsins og ákvörðunarvald sveitarstjórna sé felld niður og hverjum húseiganda í sjálfsvald sett hjá hvaða váttryggingarfélagi hann tryggir.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir, sbr. 1. gr., að félaginu verði heimilt að taka að sér brunatryggingar á einstökum húseignum í Reykjavík jafnt og annars staðar á landinu og reyndar allar váttryggingar, með þeim takmörkunum sem felast í almennum ákvæðum laga um váttryggingarstarfsemi eins og þau eru á hverjum tíma.

Um 8. gr.

Þar sem gert er ráð fyrir almennum ákvæðum um brunabótamat og tryggingarskyldu í frumvörpum þeim, sem lögð eru fram samhliða þessu frumvarpi, sbr. 1. gr. frumvarpsins til laga um breytingu á lögum nr. 94/1976 og 1. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 74/1982, þykir þessi grein óþörf og er því lagt til að hún verði felld niður.

Um 9. gr.

Í lögum nr. 50 frá 16. maí 1978, um váttryggingarstarfsemi, og reglugerðum settum samkvæmt þeim eru ákvæði sem fjalla um samræmd reikningsskil váttryggingarfélaga, og er því 10. gr. laganna óþörf.

Um 10. gr.

Í IV. kafla laga nr. 50 frá 16. maí 1978, um váttryggingarstarfsemi, er fjallað um eftirlit með váttryggingarfélögum. Þau ákvæði, ásamt ákvæðum í reglugerð nr. 482/1981, eru miklu ítarlegri en ákvæði 11. gr. laganna, og því er lagt til að afnema hana.

Um 11. gr.

Breytingu þessa leiðir af breytingu á 2. gr. laganna og niðurfellingu 7. gr. laganna um Brunabótafélag Íslands.

Um 12. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna er óþörf, enda leiðir það sama af almennum reglum. Ákvæði 2. mgr. er tekið upp í 4. gr. frumvarps til laga um breytingar á lögum nr. 74/1982 sem flutt er samhliða frumvarpi þessu.

Um 13. gr.

Þar sem efni 14. gr. laganna er almennt skilmálaákvæði er óþarft að lögbinda það, enda eru samsvarandi ákvæði í almennum brunatryggingaskilmálum váttryggingafélaga. Þeir eru háðir lögum um váttryggingarsamninga og samþykki Tryggingaeftirlits ríkisins. Þá má í þessu sambandi minna á 4. gr. laga nr. 52 frá 14. maí 1975, um Viðlagatryggingu Íslands.

Um 14. gr.

Sömu rök hníga að því, að 15. gr. laganna verði felld úr gildi, og færð eru fram fyrir niðurfellingu 14. gr. laganna hér að framan. Þá er og fjallað um efni 15. gr. í 23. gr. laga nr. 74 frá 12. maí 1982, um brunarvarnir og brunamál.

Um 15. gr.

Ekki þykir lengur vera ástæða til að binda bótagreiðslu félagsins við það, að fasteign, sem brunnið hefur, verði endurreist eða við hana gert. Því síður þykir rétt að skerða bótagreiðslur þegar hús eru ekki endurreist.

Um 16. gr.

Lagt er til að ákvæði 18. gr. laganna verði felld niður, en hliðstætt ákvæði er tekið upp að meginstefnu til í 4. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál.

Um 17. gr.

5. gr. laga nr. 58/1960 fjallar um dráttarvexti og skal leysa 3. mgr. 19. gr. laganna af hólmi.

Um 18. gr.

Þessa breytingu leiðir af þeirri grundvallarbreytingu, sem í frumvarpi þessu felst, að brunatryggingar húsa verði frjálsar, þannig að húseigendur geti ráðið því, hvar þeir kaupi hinar lögboðnu brunatryggingar á húseignir sínar.

Um 19. gr.

Í lögum nr. 50/1978, um váttryggingarstarfsemi, eru ákvæði um greiðslu arðs af stofnfé hjá gagnkvæmum váttryggingarfélagum. Þá er jafnframt sett regla í frumvarpi þessu um greiðslu tekjuafgangs til tryggingartaka í samræmi við útkomu viðkomandi tryggingagreinar. Eðlilegt þykir að fella þessi ákvæði að reglum laga um váttryggingarstarfsemi um gagnkvæm váttryggingarfélög.

Um 20. gr.

Í meðfylgjandi frumvarpi til breytinga á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, eru gerðar tillögur um að Fasteignamat ríkisins annist brunabótamat húseigna, og leiðir þessar breytingar af þeim tillögum.

Þá telur flutningsmaður eðlilegt að reglugerð, sem sett kynni að verða eftir þessari grein laganna, nái ekki aðeins til brunatjóna, heldur til tjóna almennt.

Um 21. gr.

Með fyrri hluta breytingartillögunnar er verið að leggja áherslu á að heimilt sé að fjárfesta í einstökum útlánum, þó að það sé með engu móti skylt.

Um síðari hluta tillögunnar til breytingar á 23. gr. laganna er það að segja, að hana leiðir af þeirri breytingu sem lagt er til að gerð verði á 4. og 5. gr. laganna, þ. e. a. s. ákvæðunum um fulltrúaráð og framkvæmdastjórn.

Um 22. og 23. gr.

Almenn ákvæði í lögum kveða á um viðurlög við þeim brotum sem um er fjallað í þessum greinum, og þykir óþarfi að hafa sérákvæði um Brunabótafélagið að þessu leyti.

Um 24. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

## **Nd. 272. Frumvarp til laga [177. mál]**

um breytingar á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson.

1. gr.

18. gr. A orðist svo:

Allar húseignir í landinu skal meta brunabótamati þegar þær eru fullbúnar, eða þegar þær eru teknar í notkun sé það gert fyrir.

Brunabótamatsverð miðist við byggingarkostnað húseignarinnar á þeim tíma, sem mat fer fram. Séu eldri hús metin skal taka tillit til aldurs og ástands þeirra þegar matsverð er fundið.

Áður en fokheldisvottorð um húseign er gefið út skal fara fram bráðabirgðamat. Matsverð húseigna skal bundið vísitölu byggingarkostnaðar, sem Hagstofa Íslands reiknar út, og breytast í samræmi við breytingar á þeirri vísitölu jafnóðum og þær verða.

2. gr.

19. gr. 1. mgr. orðist svo:

Fasteignamat ríkisins annast mat fasteigna og brunabótamat húseigna samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1984. Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 94/1976 og gefa síðan lögin út svo breytt.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samtímis tveim öðrum frumvörpum, annars vegar frumvarpi til laga um breytingar á lögum um Brunabótafélag Íslands og hins vegar frumvarpi til laga um breytingar á lögum um brunavarnir og brunamál.

### *Athugasemdir við einstakar greinar.*

Um 1. gr.

Aðalinntak frumvarps þessa er að færa mat á húseignum til brunabótaverðs frá hinum dómkvöddu matsmönnum í sérhverju sveitarfélagi, eins og nú er, til Fasteignamats ríkisins. Fasteignamat er nú unnið upp úr svokölluðu grunnmati, sem Fasteignamat ríkisins leggur á allar fasteignir í landinu. Lagt er til að Fasteignamat ríkisins vinni brunabótamat upp úr þessu grunnmati eftir að upplýsingar til grunnmats hafa borist frá byggingafulltrúum viðkomandi byggðarlags. Er ljóst að Fasteignamat ríkisins er miklu betur til þess fallið með þeirri sérþekkingu, sem það ræður yfir, en hinir lögskipuðu virðingamenn að koma á samræmingu í brunabótamati í landinu, en verulega hefur á skort að svo væri.

Rétt þykir að tryggja að allar húseignir verði skyldutryggðar, að fokheldisvottorð verði ekki afhent húsbyggjendum nema húseignin hafi áður verið tryggð gegn bruna.

Þá er gert ráð fyrir, eins og verið hefur, að brunabótamat sé bundið byggingarvísitölu Hagstofu Íslands, en þó þannig að það taki breytingum á 3ja mánaða fresti, við útreikning nýrrar vísitölu.

Um 2. gr.

Með þessari grein er Fasteignamati ríkisins fengið það verkefni, til viðbótar við fyrri verkefni, að meta allar húseignir til brunabótaverðs.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.